

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi, Smiðjustígur 11 a-b-c-d-e, Flúðum.

Breytingin felur í sér að heimilað er að reisa fimm íbúða raðhúsabyggingu á lóðinni í stað þriggja. Hver íbúð verði um 100 m² en nýtingarhlutfall helst óbreytt fyrir heildarlóðina eða 0,36. Að öðru leyti er ekki gerð breyting á gildandi uppdrætti né á byggingarskilmálum deiliskipulags.

Samþykkt í sveitarstjórn 2. febrúar 2017.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 20. mars 2017.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 3. apríl 2017